

**AUGLÝSING****um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið bann við u-beygju á Reykjanesbraut úr norðri í norður á gatnamótum Álfabakka.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 24. mars 1998.*

e.u.

**Sturla Þórðarson.**

Nr. 209

2. apríl 1998

**AUGLÝSING****um sveitarstjórnarkosningar 1998.**

Á grundvelli 1. mgr. 1. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 fara almennar sveitarstjórnarkosningar fram 23. maí 1998.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 2. mgr. 1. gr. framangreindra laga.

*Félagsmálaráðuneytinu, 2. apríl 1998.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Sesselja Árnadóttir.*

Nr. 210

8. apríl 1998

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð nr. 262, 18. maí 1994,  
um bann við línuveiðum á norðanverðum Breiðafirði.**

1. gr.

Aftan við reglugerðina komi ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að stunda línuveiðar norðan línu, sem dregin er 25° réttvísandi frá Skorarvita, frá og með 9. apríl til og með 18. apríl 1998.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. apríl 1998.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*